

31. OKTÓBER
2024

HARPA
ELDORG

Barokkveisla

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tónleikarnir eru um það bil
tvær klukkustundir með hléi.

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1
og hluti efnisskrár er sendur út í sjónvarpi á RÚV 27. nóvember**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Sérstakar þakkir fær Menntaskóli í tónlist fyrir lán á sembal fyrir tónleikana.



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið

Barokkveisla

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 31. OKTÓBER KL. 19:30

Peter Hanson

hljómsveitarstjóri og fiðluleikari

María Konráðsdóttir

sópran

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir

Hulda Jónsdóttir

Helga Þóra Björgvinsdóttir

Emma Garðarsdóttir

Hildigunnur Halldórsdóttir

Margrét Kristjánsdóttir

2. fiðla

Anton Miller

Gunnhildur Daðadóttir

Greta Guðnadóttir

Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir

Justyna Bidler

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir

Rita Porfiris

Þórhildur Magnúsdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bryndís Halla Gylfadóttir

Urh Mrak

Bassi

Richard Korn

Semball

Guðrún Óskarsdóttir

Hildegard von Bingen

O Frondens Virga (úts. Nicolai Mathews) (12. öld)

Antonio Vivaldi

Konsert fyrir fjórar fiðlur í h-moll, op. 3 RV 580 (1711)

Allegro

Largo

Allegro

Georg Friedrich Handel

Ombra mai fu, *úr Serse* (1738)

Flammende Rose, *úr Níu þýskum aríum* (HWV 210)

Jean-Philippe Rameau

Entrée de Polymnie, *úr Les Boréades* (1763)

Les Sauvages, *úr Les Indes Galantes* (1735)

Tendre Amour, *úr Les Indes Galantes* (1735)

(útsetningar fyrir strengjasveit: Peter Hanson)

Hlé

Johann Sebastian Bach

Brandenborgarkonsert nr. 6, í B-dúr, BWV 1051 (1721)

Allegro

Adagio ma non tanto

Allegro

Arcangelo Corelli

Concerto Grosso í D-dúr, op. 6 nr. 4 (1714)

Adagio – Allegro

Adagio

Vivace

Allegro – Allegro

Georg Friedrich Handel

Tornami a vagheggiar, *úr Alcina* (1735)

Henry Purcell

Thy hand, Belinda... When I am laid in earth *úr Dídó*
og Eneas (1689)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Söngtexta og þýðingar má finna á blaðsíðu 10.



Peter Hanson

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG FIÐLULEIKARI

Breski fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Peter Hanson hefur helgað sig upprunaflutningi tónlistar, allt frá barokktímanum og fram á rómantíska tímabilið en í því felst að andi tónlistarinnar á þeim tíma sem hún var samin er endurvakinn. Hanson hefur starfað sem konsertmeistari í hinni víðfrægu hljómsveit Johns Elliots Gardiner, Orchestre Révolutionnaire et Romantique, í rúman aldarfjórðung. Auk þess hefur hann komið víða fram með þekktum hljómsveitum, sem einleikari, konsertmeistari eða hljómsveitarstjóri – jafnvel allt þrennt í senn. Hann hefur einnig ferðast um Evrópu og Bandaríkin með Missa Solemnis eftir Beethoven og verk eftir Berlioz og Verdi þar sem hann meðal annars kom fram í Carnegie Hall, og hefur stjórnað tónleikum á BBC Proms tónlistarhátíðinni.

Árið 1993 stofnaði Hanson kvartettinn Eroica sem einbeitti sér að flutningi tónlistar á upprunahljóðfæri. Þau vöktu ekki síst athygli fyrir að endurskoða flutning á verkum frá rómantíska tímabilinu, allt frá Beethoven til Debussy. Þau ferðuðust víða, komu fram í Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum og voru talin talsvert róttæk í flutningi sínum. Kvartettinn hljóðritaði strengjakvartetta Mendelssohns, Schumanns og Beethovens fyrir Harmonia Mundi í Bandaríkjunum, og hefur einnig gefið út hjá Resonus Classics.

Hanson stýrir Carmel Bach hátíðinni í Kaliforníu þar sem hann hefur gegnt fjölbreyttu hlutverki, kemur fram sem einleikari, stjórnar flutningi kammerverka og hefur verið konsertmeistari á flestum tónleikum hátíðarinnar. Þar eru verk flutt bæði á svokölluð upprunahljóðfæri – þar sem stillt er eftir gamalli stillingu þar sem „litla a“ er 415 Hz – og nútímahljóðfæri þar sem það er 440 Hz. Upprunaflutningur felur auk þess í sér mun meiri snerpu og léttleika en ella, enda eru hljóðfærin þannig að tónninn er grennri og endurómurinn minni en í nútímahljóðfærum.



María Konráðsdóttir

EINSÖNGVARI

María Konráðsdóttir sópran lauk burtfararprófi á klarínnett árið 2007 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem Kjartan Óskarsson var kennari hennar. Ári síðar hóf hún söngnám hjá Þórunni Guðmundsdóttur við sama skóla þar sem hún var í tvö ár. Eftir það hélt María til Berlínar og lauk bakkalárgráðu frá Listaháskólanum þar í borg sumarið 2015, þar sem kennarar hennar voru m.a. Carola Höhn, Hendrik Heilmann og Eric Schneider. Hún lauk síðan meistaragráðu í ljóða- og óratoríusöng frá sama skóla vorið 2018.

María hefur komið fram á fjölda tónleika bæði í Þýskalandi og hérlendis og sungið á hátíðum á borð við Sumartónleika í Skálholti, Reykjavík Early Music Festival og Þjóðlagahátíð á Siglufirði. María hefur lagt sérstaka rækt við tónlist fyrri alda og hefur sungið með barokksveitum á borð við Lautten Compagney í Berlín og Barokkbandið Brák.

Hún hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir söng sinn, fékk til dæmis þrenn verðlaun í International Perotti Singing Competition sem haldin var í Þýskalandi árið 2015.

Árið 2020 var María valin úr hópi umsækjenda til að taka þátt í námskeiðum og tónleikum á vegum International Bachakademie í Stuttgart þar sem hún vann með Dame Emmu Kirkby, Peter Harvey, Hans Christoph Rademann o.fl. María starfaði sem raddþjálfari við Drengjakór Dómkirkjunnar í Berlín árin 2016 til 2019 og er nú kórstjóri Barnakórs Seltjarnarneskirkju.

María hefur hlotið mikið lof fyrir bjarta, tæra og forkunnar-fagra rödd samhliða fágaðri en tjáningarríkri túlkun.



Hildegard von Bingen

Barokkveisla

Í kvöld býður Sinfóníuhljómsveit Íslands til barokkveislu þar sem flutt verða verk eftir fimm helstu tónskáld tímabilsins. Barokktíminn stóð frá um 1600 til 1750 og tónskáldin sem hér eiga verk voru öll uppi á síðari hluta tímabilsins. Hér eru fulltrúar frá Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi og jafnvel Englandi og í þeim kristallast fjölbreytt einkenni tímabilsins.

En áður en barokkveislan hefst hljómar antifóna eða víxlsöngur eftir **Hildegard von Bingen** (1098 – 1179). Hildegard var merkiskona á sinni tíð, aðalskona sem stofnaði sína eigin Benediktínareglu um 1150. Hún var ekki aðeins tónskáld, heldur einnig merkilegt skáld, dulspekingur og afburða predikari, auk þess sem hún skrifaði um læknisfræði og lífeðlisfræði. Hefðbundinn víxlsöngur er yfirleitt við texta úr Davíðssálmum en hér er sungið um hina helgu mey sem birtist í líki blómstrandi greinar; **O Frondens Virga**. Víxlsöngur er sunginn á undan og á eftir guðspjallinu í kaþólskri messu – svo það er vel við hæfi að Hildegard von Bingen leiði okkur inn í stundina. Hér er víxlsöngurinn þó ekki sunginn heldur fluttur í útsetningu Nicolai Mathews fyrir strengjasveit. Verkið er í miklu uppáhaldi hjá stjórnandanum og fiðluleikaranum Peter Hanson.

Hugtakið *barokk* hefur verið notað yfir margar listgreinar: t.d. myndlist, byggingalist, ljóðlist og tónlist. Helstu einkenni eru ákveðinn hátíðleiki, flúr og dramatík; bókmenntahugtakið barokk er þó aðeins flóknara. Barokkið eins og það birtist í tónlistinni varð til á Ítalíu í kringum 1600 og var ríkjandi liststefna fram á miðja 18. öld þar sem gjarnan er miðað við dánarár Johanns Sebastians Bach (1685–1750). Eitt einkenni barokksins er að fjölröddun endurreisnartímabilsins, *stile antico*, lifði áfram í kirkjutónlistinni – og eins og sjá má í mörgum kirkjulegum verkum Bachs og Handels, en syngjandi laglínur *stile moderno*, urðu ríkjandi í veraldlegri tónlist. Tengingin á milli Hildegard von Bingen og barokktónlistar er ekki augljós við fyrstu sýn en þó má benda á að þegar hún var uppi voru laglínar og einfaldur hljómagangur svo til einu verkfæri tónskáldsins. Á endurreisnartímanum varð fjölröddunin alls ráðandi en barokkið hóf laglínuna aftur til vegs og virðingar.



Antonio Vivaldi

Mörg tónlistarform þróuðust og tóku út þroska á barokk-tímanum, þar má t.d. nefna bæði óperuna og konsertformið. Tónskáldin sem hér eiga verk eru öll fædd um miðja 17. öld og tónsmíðar þeirra urðu því til eftir að barokkið hafði náð fótfestu.

Antonio Vivaldi (1678–1741) samdi fjölda konserta fyrir strengja-sveit, yfirleitt með eina eða fleiri fiðlur í einleikshlutverkinu og átti þátt í að þróa konsertformið og breiða út vinsældir þess. Vivaldi starfaði lengi við Ospedale della Pietá, heimili fyrir munaðarlausar stúlkur og starfrækti þar úrvals strengjasveit sem hann samdi fyrir. Í **Konsert fyrir fjórar fiðlur og strengjasveit í h-moll op. 3 RV 580**, má heyra konsertformið í sinni tærustu mynd. Hann er í þremur þáttum: hratt, hægt, hratt. Einleiksfiðlurnar henda á milli sín laglínunum sem síðan fléttast saman og strengjasveitin tekur undir og svarar. Hér má heyra mörg einkenni barokksins, laglínan er í fyrirrúmi, flúr eða skraut er áberandi og ákveðinn virðuleiki er yfir og allt um kring.

Georg Friderich Handel (1685–1759) er fæddur í Þýskalandi sama ár og Johann Sebastian Bach. Handel starfaði lengst af í Englandi og er því allt eins fulltrúi þess í barokkveislunni. Á þeim tíma breytti hann rithættinum á nafni sínu og skipti á út fyrir a. Handel samdi óperur, óratóríur, söngverk og konserta fyrir ýmis hljóðfæri. Hann stundaði nám í Halle í heimalandi sínu og starfaði bæði í Hamborg og á Ítalíu áður en hann settist að í London. Í verkum hans má bæði heyra sterk áhrif frá þýsku fjölrödduninni og ítölsku barokki enda falla óperur hans undir hina ítölsku óperu.

Óperan *Serse* var frumflutt í Konunglega leikhúsinu í London árið 1738. Hún var aðeins sýnd fimm sinnum og komst því aldrei á flug, kannski vegna þess að Handel blandar þar saman dramatískri óperu og gamanóperu sem gæti hafa ruglað áheyrendur í ríminu. Arían ***Ombra mai fu*** er flutt í upphafssenu óperunnar þar sem konungur Persa, Serse, dásamar skuggann sem platantréð varpar á hann og ver fyrir brennandi sólinni. Arían öðlaðist snemma mikla hylli og hefur lifað sjálfstæðu lífi utan óperunnar.

Handel samdi *Nú þýskar aríur* á árabílinu 1716 og 1727. Þær voru ekki gefnar út fyrr en tæpum tvö hundruð árum síðar, eða árið 1921, og höfðu þá gengið manna á milli í handritum. Í aríunni sem hér heyrir, ***Flammende Rose***, er sungið um feegurð rósarinnar, sem sé skraut jarðarinnar.



Georg Friedrich Handel

Alcina (1735) er háðramatísk ópera. Hér segir frá seiðkonunni Alcinu, sem hefur hneppt riddarann Ruggiero í álgö á eyju þar sem hún og systir hennar Morgana ráða ríkjum. Bradamante, heitkona Ruggieros, tekur sér gervi karlmanns og nafnið Ricciardo og heldur af stað að frelsa hann. Ruggiero gleymir ástkonu sinni um hríð fyrir galdra Alcinu. Morgana verður ástfangin af hinum nýkomna Ricciardo sem er Bradamante í karlmannsgervi. Allt fer þó vel að lokum, Ruggiero hristir af sér galdurinn og þau Bradamante ná að sleppa frá eyjunni. Morgana syngur aríuna **Tornami a vagheggjar** til Ricciardos, á meðan hún heldur að ást hennar sé endurgoldin.

Johann Sebastian Bach (1685–1750) fór aldrei út fyrir Þýskaland á ævi sinni, ólíkt Handel. Hann ferðaðist þó talsvert innanlands, gjarnan fótgangandi. *Brandenburgarkonsertarnir* eru líklega frá þeim tíma sem hann starfaði í Köthen á árunum 1719–1723 en þar samdi hann að mestu veraldlega tónlist. Vitað er að Bach fór fótgangandi frá Köthen til Halle árið 1719 til að hitta Handel, sem var þá farinn frá borginni. Þeir hittust því aldrei. Konsertarnir eru sex og Bach færði markgreifanum af Brandenburg-Schwedt þá að gjöf árið 1721 þótt þeir hafi líklega verið samdir nokkru fyrr. **Brandenburgarkonsert í B-dúr nr. 6** er skrifaður fyrir neðri strengjahljóðfærin og fiðlur eru ekki notaðar sem er mjög óvenjulegt og ljær honum sérsakan blæ. Raunar er hann saminn fyrir fjórar tegundir strengjahljóðfæra, viola de braccio, sem samsvarar víólu, Viola da gamba, selló og Violone e cimbalo. Hann er oft fluttur af víólum, sellóum og kontrabassa.

Jean-Philippe Rameau (1683–1764) er fulltrúi Frakklands og helsta tónskáld barokktímans þar um slóðir. Hann er einnig þekktur fyrir að hafa verið merkur tónlistarfræðingur. Barokkið þróaðist með öðrum hætti í Frakklandi en á Ítalíu, þar sem Frökkum hugnaðist ekki hversu ýkjukennd tónlistin var þar að þeirra mati. Til dæmis var aldrei samið fyrir kontratenóra í Frakklandi, en þeir voru geysivinsælir á Ítalíu. Minna skraut og minni andstæður eru því helsta einkenni franska barokksins ásamt miklum þokka. Hér verða fluttir þrír þættir úr tveimur óperum eftir Rameau en þeir eru útsettir fyrir strengjasveit af Peter Hanson.

Les Boréades er ljóðrænn harmleikur sem aldrei komst á svið á meðan Rameau var á lífi þótt það hafi staðið til árið



Jean-Philippe Rameau

1763. Verkið fjallar um Alphise sem er drottning Bactríu. Hún er ástfangin af Abaris en á samkvæmt siðvenju að giftast manni sem er afkomandi Boreas, guðs norðanvindsins. Til að gera langa sögu stutta kemur upp úr kafinu eftir mikla baráttu þar sem Appolló og músan Polymnía koma við sögu, að Abaris er afkomandi norðanvindsins og því hæfur eiginmaður. **Entrée de Polymnie**, er aría sungin af Polymníu þegar hún birtist fyrst.

Les Indes Galantes (1735) er ballett-ópera í fjórum sjálfstæðum þáttum sem allir gerast á framandi slóðum og fjalla um ástina. Hér verða fluttir kaflar úr tveimur þeirra. Fyrri þátturinn er **Les Sauvages**, þar sem segir af „villimönnum“ Norður-Ameríku en þrátt fyrir titilinn er allt yfirbragðið einstaklega konunglegt. Seinni þátturinn er *Les Fleurs* en úr honum verður fluttur kvartettinn **Tendre Amour**, þar sem sungið er um hamingjusamleg endalok á flóknum ástarmálum.

Concerto grosso í D-dúr, op. 6 nr. 4 eftir **Arcangelo Corelli** (1653–1713) var gefinn út í hefti tólf stórkonserta (concerti grossi) árið 1714, ári eftir dauða tónskáldsins. Sá konsert sem hér verður fluttur er meðal þekktustu konserta heftisins en þar er líka hinn frægi Jólakonsert. Corelli lærði í Róm og Bologna og vann aðallega í skjóli ríkra aðalsmanna á sinni starfsævi. Útgefin verk hans rúmast í sex heftum þar sem aðeins eitt þeirra hefur að geyma stórkonserta, í hinum eru tríósónötur og einleiksverk. Samt sem áður hafði hann mikil áhrif vegna jafnvægis og þokka sem einkennir verk hans.

Henry Purcell (1659–1695) var eitt af þekktustu tónskáldum Englands á barokktímanum og þá helst fyrir óperur sínar og madrigala. Stíll hans hefur verið talinn sér-enskur þótt einnig megi heyra ýmis ítölsk og frönsk einkenni. Purcell varð ungur kórdrengur og elsta verk hans sem er varðveitt samdi hann ellefu ára gamall. Kammerópera hans *Dídó og Eneas* var frumflutt árið 1689 í Josias Priest's skólanum fyrir ungar hefðarmeyjar. Óperan byggir á fjórðu bók Eneasar eftir Virgil. Þar segir frá ástinni sem Dídó, drottning af Karþagó ber til Eneasar, hetju frá Tróju. Hann yfirgefur hana og hún deyr úr ástarsorg. Áður en hún deyr syngur hún hina frægu aríu, **Thy hand Belinda... When I am laid in earth**, þar sem hún biður hann að gleyma sér ekki þótt hún sé dáin og grafin. Óperan er meðal þekktustu verka hans og arían hefur öðlast sjálfstætt líf; hún hefur t.d. verið notuð í fjölda kvikmynda.

Ingibjörg Eypórsdóttir

Söngtextar og þýðingar

Ombra mai fù
Úr „Serse“

Serse:
Ombra mai fù
Di vegatabile
Cara ed amabile
Soave più.

Nicola Francesco Haym

Aldrei var skuggi
Úr „Xerxes“

Xerxes:
Aldrei var skuggi
af gróðri
kærari, indælli
og blíðari.

Flammende Rose, Zierde der Erden,

Flammende Rose, Zierde der Erden,
Glänzender Gärten bezaubernde Pracht!
Augen, die deine Vortrefflichkeit sehen,
Müßen vor Anmut erstaunet, gestehen,
Daß dich ein göttlicher Finger gemacht.

Barthold Heinrich Brockes

Logandi rós, prýði jarðarinnar

Logandi rós, prýði jarðarinnar,
heillandi skart glæstra garða!
Augu sem líta ágæti þitt undrandi
af yndispokkanum hljóta að samsinna
að guðlegur fingur hefur gjört þig.

Tornami a vagheggiar
Úr „Alcina“

Morgana:
Tornami a vagheggiar,
te solo vuol' amar
quest' anima fedel,
caro, mio bene, caro!

Già ti donai il mio cor :
fido sarà il mio amor;
mai ti sarò crudel,
cara mia spene.

*Antonio Marchi orti upp úr kvæði
eftir Ludovico Ariosto*

Komdu aftur til mín að horfa
Úr „Alcina“

Morgana:
Komdu aftur til að þrá mig á ný,
trygglynd sál mín vill
engan elska nema þig,
minn kæri, minn góði og kæri vinur!

Ég hef þegar gefið þér hjarta mitt
ást mín verður trúföst;
aldrei verð ég þér grimmynd,
kæri vonarneisti minn.

When I am laid in earth
Úr „Dido and Aeneas“

Dido:
Thy hand, Belinda; darkness shades me:
On thy bosom let me rest:
More I would, but Death invades me:
Death is now a welcome guest.

When I am laid in earth,
May my wrongs create no trouble in thy
breast;
Remember me! but ah! forget my fate.

Nahum Tate

Þegar ég verð til jarðar lögd
Úr „Dídó og Eneas“

Dídó:
Gef mér hönd þína, Belinda; rökkur sígur yfir
mig:
Lát mig hvílast við barm þinn:
Ég vildi gera fleira, en dauðinn heltekur mig:
Dauðinn er nú velkominn gestur.

Þegar ég verð til jarðar lögd,
megi misgjörðir mínar eigi angra brjóst þitt;
minnstu mín! en æ! gleymdu örlögum mínum.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson



104 tóndæmi

með vísun á streymisveitu

Klassísk tónlist

Á ferðalagi um tónlistarsöguna

Eftir Magnús Lyngdal Magnússon



Komin í bókabúðir



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Mozart og Beethoven með Sunwook Kim

14. NÓVEMBER | KL. 19:30

Sunwook Kim hefur fyrir löngu skipað sér sess sem einn af fremstu píanóleikurum sinnar kynslóðar. Hann kemur reglulega fram með mörgum af fremstu hljómsveitum heims jafnt sem einleikari og hljómsveitarstjóri. Á tónleikunum flytur Kim píanókonsert nr. 21 eftir Mozart ásamt því að stjórna tónleikunum. Tónleikarnir hefjast á forleik eftir Fanny Mendelssohn og þeim lýkur með flutningi á 4. sinfóníu Beethovens.

MIDASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS